

**Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins**  
**annars vegar og**  
**forsætisráðuneytið, menntamálaráðuneytið, utanríkisráðuneytið,**  
**landbúnaðarráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, dóms- og**  
**kirkjumálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, heilbrigðis- og**  
**tryggingamálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið, samgönguráðuneytið,**  
**iðnaðarráðuneytið, viðskiptaráðuneytið og umhverfissráðuneytið**  
**hins vegar**  
**gera með sér eftirfarandi stofnanasamning á grundvelli greinar 11.3 í**  
**kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 28. febrúar 2005.**

**1. gr.**

**Gildissvið**

Stofnanasamningur þessi nær til allra félagsmanna í Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins sem starfa hjá ofangreindum ráðuneytum og gildir frá 1. maí 2006.

**2. gr.**

**Markmið**

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með þessum stofnanasamningi og upptöku nýrrar launatöflu:

- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og tryggi jöfn laun fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum ráðuneytanna,
- að bæta nýtingu rekstrarfjármuna og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu,
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í starfi með hliðsjón af árangri og eðli þeirrar starfa sem þeir gegna,
- að launakerfið gefi möguleika á að fastar greiðslur sem eru hluti af heildarlaunum séu teknar inn í grunnlaun,
- að jafnréttisstefna Stjórnarráðsins nái fram að ganga, en þar segir m.a. að „konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu þau njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og hvers konar frekari þóknana, beinna og óbeinna, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða öðrum hætti.”

**3. gr.**

**Starfaflokkar**

Launakerfi ráðuneytanna byggir á eftirfarandi starfaflokkum. Til grundvallar röðun skal liggja starfslýsing viðkomandi starfsmanns:

**1. Sérfræðingur I.**

Starfið getur falið í sér umsjón verkefna. Starfið felst í því að nota þekkingu og hugtök, veita upplýsingar og/eða leiðbeiningar. Starfið getur falið í sér ábyrgð á tilteknu og skilgreindu verksviði og þátttöku í innlendum sem erlendum samskiptum.

**2. Sérfræðingur II.**

Starfið felst í stjórnun verkefna, áætlanagerð, samhæfingu við stefnu viðkomandi ráðuneytis og samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki. Sérfræðingi hefur verið falið að stýra afmarkaðri faglegri starfsemi eða starfseiningu innan skrifstofu eða ráðuneytis og/eða hafa umsjón með málaflokkum. Í því getur falist verkefnastjórnun og þátttaka í innlendum sem erlendum samskiptum.

**3. Sérfræðingar III.**

Starfið felst í yfirstjórnun verkefna, bera ábyrgð á áætlanagerð, samhæfingu við stefnu viðkomandi ráðuneytis og ábyrgð á samskiptum við önnur ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki. Sérfræðingi hefur verið falið að stýra faglegri starfsemi eða starfseiningu innan skrifstofu eða ráðuneytis. Í starfinu felst að hafa umsjón með eða bera ábyrgð á starfi annarra starfsmanna og/eða hafa umsjón með mjög viðamiklum málaflokkum. Það getur falið í sér sjálfstætt að stýra stjórnsýslueiningu, mikilli fjármálalegri ábyrgð eða verulegu stjórnsýslulegu fyrirsvari, þ.m.t. verulegum alþjóðlegum samskiptum og þátttöku.

**4. gr.**

**Röðun starfaflokka í launaflokka.**

Röðun starfs í launaflokk er lágmarksröðun. Störf starfsmanna/starfskjör skulu rædd reglulega m.t.t. röðunar þeirra. Starf (starfsmaður) endurraðast milli launaflokka innan launaramma samkvæmt ákvörðun yfirstjórnar.

- Sérfræðingi I er grunnraðað í launaflokk 1
- Sérfræðingi II er grunnraðað í launaflokk 8
- Sérfræðingi III er grunnraðað í launaflokk 12

Röðun starfsmanna milli starfsflokka getur skarast.

**5. gr.**

**Viðmið um notkun álagsþátta.**

Meta skal persónu- og tímabundna þætti sem álag á launaflokka (lárétt röðun). Slíkt álag skal háð endurmati. Við mat á álagi vegna þessara þátta ber að líta til viðbótarmenntunar sem nýtist í starfi, starfsreynslu, viðbótarábyrgðar og álags vegna sérstakra verkefna, hæfni og sérstaks árangurs og/eða frammistöðu.

**Formleg viðbótarmenntun ( allt að 2,5%)**

Greiða skal sérfræðingi 2,5% álag hafi hann lokið MA/MS prófi á fagsviði sem nýtist í starfi.

**Starfsaldur og starfsreynsla ( allt að 5%)**

Starfsreynsla miðast við reynslu úr sama eða sambærilegu starfi. Sérfræðingar skulu fá 2,5% eftir tveggja ára starfsreynslu og 2,5% eftir fimm ára starfsreynslu.

**Hæfni/árangur ( allt að 7,5%)**

Greiða skal álag allt að 7,5% vegna hæfni eða árangurs starfsmanns umfram venjulega kröfur sem gerðar eru til þeirra sem gegna viðkomandi starfi. Atriði sem koma til greina við mat á hæfni og árangri eru meðal annars:

- Starfsmaður sýnir verulegan árangur í starfi.
- Starfsmaður sýnir mikið frumkvæði og áhuga í starfi.
- Starfsmaður sýnir sérstaka hæfni til samskipta og samvinnu.
- Starfsmaður sýnir sérstaka hæfni til að fræða og leiðbeina öðrum.
- Starfsmaður hefur sérstaka reynslu á fagsviði sem nýtist í starfi.

**Álag ( allt að 5%)**

Greiða skal álag allt að 5% vegna viðbótarálags eða ábyrgðar vegna sérstakra tímabundinna verkefna. Við mat á álagi skal m.a. haft í huga:

- Mikið álag fylgir starfinu, tímabundið.
- Forysta eða þátttaka í verkefna- eða stýrihópum sem bætist ofan á reglubundin verkefni fyrir utan starfssvið viðkomandi
- Nefndarstörf í innlendum eða erlendum nefndum sem bætast ofan á reglubundin verkefni og nefndir fyrir utan starfssvið viðkomandi.
- Skyndilegar og auknar kvaðir um verklok einstakra verkefna, umfram það sem eðlilegt getur talist.

**6. gr.****Starfsmannasamtöl**

Ráðuneyti skulu stefna að því að viðhafa starfsmannasamtöl sem framkvæmd skulu árlega milli yfirmanns og starfsmanns. Í starfsmannasamtölum gefst aðilum kostur á fara yfir verkefnastöðu og skipulag. Þar verði einnig starfsánægja, árangur og væntingar til starfsins ræddar. Gert er ráð fyrir að stjórnendur og starfsmenn setji sér sameiginleg markmið, svo sem um starfs- og endurmenntun í starfsmannasamtölum.

**7. gr.****Ágreiningur og endurskoðun**

Ágreiningsmálum sem upp kunna að koma við framkvæmd stofnanasamnings þessa skal vísað til samstarfsnefnda í samræmi við ákvæði 11. kafla kjarasamnings fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og FHSS.

Varðandi endurskoðun vísast til gr. 11.4.3.1. kjarasamnings fjármálaráðherra og FHSS.




8. gr.  
Gildistími


Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2006.

Stjórnarráðinu, 29. mars 2006

f.h. Stjórnarráðsins

  
Ólafur Þorvaldursson  
Ólafur Þorvaldursson  
Ólafur Þorvaldursson

f.h. Félags háskólamenntaðra  
starfsmanna Stjórnarráðsins

  
Ólafur G. Kristjánsson  
Ólafur G. Kristjánsson  
Ólafur G. Kristjánsson

**B ó k u n**  
**með stofnanasamningi**

**Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins annars vegar**  
**og**  
**Stjórnarráðsins hins vegar**  
*undirrituðum 29. mars 2006*

**Vegna 2. gr.**

Aðilar eru sammála um þann skilning á 5. lið 2. mgr. samningsins að hið nýja launakerfi geri mögulegt/kleift að meta fastar greiðslur, sem teljast hluti heildarlauna, svo sem hluta fastrar yfirvinnu eða þóknanaeininga, inn í grunnlaun án þess að til uppsagnar á fastlaunasamningi komi. Slíkt fyrirkomulag við launasetningu/vörpun í nýtt launakerfi hinn 1. maí 2006 gerir ekki ráð fyrir breytingu á vinnuframlagi starfsfólks nema um það sé sérstaklega fjallað.



-----

